

Mál nr. 139/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er slökkviliðsmaður varð fyrir meiðslum er hann þreytti þrekpróf.****Gögn.**

Málskot, móttengið 9.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 2.5.2019.

Málsatvik.

M starfar sem slökkviliðsmaður hjá A. Hinn 30. október 2015 þreytti hann hluta þrekprófs sem fólst í því að draga aftur á bak um 30 m vegalengd í fullum eldgalla með áfast þyngingarvesti og öndunarkút á bakinu um 80 kg þunga dúkku í fanginu. Kveðst M hafa óskað eftir því að fá að draga dúkkuna á öxlunum eða með bandi yfir brjóstakassa og undir handarkrika en fengið synjun frá B, starfsmanni A sem sá um framkvæmd þrekprófsins þrátt fyrir að M hafi bent B á að annar starfsmaður hafi skömmu áður fengið að draga dúkkuna með sama hætti og M hafði óskað eftir. Hafi M átt að taka um dúkkuna undir handarkrika hennar og yfir brjóstakassa og lyfta henni þannig upp í upprétta stöðu og ganga svo aftur á bak með hana. Hafi M ekki náð að ná höndum sínum utan um dúkkuna þannig að hann næði að læsa höndunum saman og halda rétttri líkamsstöðu. Eftir að M lagði af stað með dúkkuna hafi hann misst takið á henni. Þá hafi hann ítrekað ósk sína um að fá að draga dúkkuna en verið synjað um það aftur af hálfu B. Hafi M þá haldið ferð sinni áfram án þess að hafa nægilega gott tak á dúkkunni né ná góðri líkamsstöðu. Hafi svo farið að hann hafi hrasað aftur og fallið aftur fyrir sig þannig að súrefniskútur sem hann bar á bakinu hafi stungist í bak hans og hann orðið fyrir meiðslum. Við þetta hætti M við prófið og hefur síðan verið óvinnufær til slökkviliðsstarfa.

M kveðst hafa orðið fyrir meiðslum í baki á árinu 2004 og hafi starfsmenn A átt að vita af þeim meiðslum og það hafi verið á ábyrgð A að tekið skyldi tillit til þessara meiðsla við framkvæmd þrekprófsins jafnvel þótt vitneskja um meiðslin hafi ekki borist B þegar prófið fór fram. Einnig hafi verið brotið gegn reglum A við framkvæmd prófsins þar sem ekki var unnt að nota umrædda dúkku í samræmi við reglur hvað handfestu snerti, en dúkkan skuli vera þannig úr garði gerð að gott sé að ná tökum á höndum hennar eða með bandi um efri hluta búks. Einnig hafi um 20% hliðarhalli verið á gólfi því þar sem þrekprófið var framkvæmt og hafi verið gríðarlega erfitt fyrir líkamann og beinlínis hættulegt að bera dúkkuna í slíkum halla þar sem átakið verði allverulegt á aðra hlið líkamans. Þá kveður M að hann hafi átt að þreyta þrekprófið innan sex mánaða frá síðustu lækni skoðun. Hún hafi verið framkvæmd 21. mars 2015 og því verið liðnir rúmir sjö mánuðir frá lækni skoðuninni þegar hann var látinn þreyta þrekprófið í lok október sama árs. Telur M að A beri skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem hann varð fyrir við það að þreyta þrekprófið og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og lýst hefur verið hér að framan og gögn málsins bera að öðru leyti með sér hrasaði M er hann þreytti þrekpróf með því að ganga aftur á bak í fullum eldgalla með súrefniskúta á bakinu og með um 80 kg þunga dúkku í fanginu. Féll M aftur fyrir sig í gólfið þannig að súrefniskútur þrýstist upp í bakið. Ekki verður ráðið af gögnum málsins með vissu hvað nákvæmlega olli því að M hrasaði umrætt sinn. Verður ekki ráðið að þyngd dúkkunnar, stærð og lögun hennar eða þau tök sem M hafði á dúkkunni hafi orðið þess valdandi að hann féll við. Sömuleiðis er ekkert sem gefur tilefni til að ætla að halli gólfsins hafi beinlínis átt þátt í því hvernig fór. Ekki verður heldur séð að eldri sjúkdómseinkenni í baki eða að meira en sex mánuðir voru liðnir frá síðustu lækni skoðun hafi leitt til þess að M hrasaði. Vera kann að einhver þessara þátta, einn eða fleiri, hafi átt samverkandi þátt í því að hann féll í gólfið. Engu verður þó slegið föstu í þeim efnum. Enn fremur hefur ekki verið sýnt fram á að við framkvæmd þrekprófsins hafi B með saknæmum hætti gefið M slík fyrirmæli um það hvernig hann skyldi taka prófið að leitt hafi til slyssins eða framkvæmd prófsins hafi með einhverju móti farið í bága við skráð fyrirmæli um framkvæmd þess. Þegar litið er til þess að umrætt þrekpróf hefur verið

liður í heildstæðu mati á getu M sem slökkviliðsmanns að koma fólki í lífsháska til bjargar verður ekki talið, eins og hér stóð á, að það geti leitt til bótaábyrgðar A hvernig dúkka sú sem M bar hafi verið úr garði gerð eða að hliðarhalli hafi verið á gólfinu. Samkvæmt framangreindu og að gögnum málsins virtum að öðru leyti verður ekki talið að slysið verði rakið til þeirra atvika sem M telur að hafi valdið slysinu og eigi að leiða til skaðabótaábyrgðar A. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.